

**Fundargerð 45. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 17. september 2018, kl. 15:30 í fundarsal bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, löndal 2 í Vogum.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Ásgeir Eiríksson og Kristín Vala Matthíasdóttir

Forföll boðuðu: Sigrún Elefsen og Guðjón Þ. Kristjánsson

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri)

**1. Framkvæmdir við áningarstaði**

Framkvæmdum er að mestu lokið við Reykjanesvita. Framkvæmdir standa enn yfir við Gunnhver og er beðið eftir svörum frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi framhald framkvæmda þar. Í leiðinni verður skipt um tréverk við Brú milli heimsálfa. Lagðar voru fram fyrstu hugmyndir að nýju deiliskipulagi fyrir Garðskaga.

**2. Skýrsla stjórnar Reykjanes Geopark 2017-2018**

Skýrsla stjórnar starfsárið 2017-2018 samþykkt og vísað til aðalfundar.

**3. Breytingar á samþykktum Reykjanes Geopark**

Verkefnastjóri leggur fram eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins:

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktanna:

*Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:*

- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.*
- *Tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu tilnefndur sameiginlega af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.*
- *Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.*

Komi eftirfarandi málsgrein:

*Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:*

- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Sveitarfélagsins Voga.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.*

- Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.

Í 15. gr. samþykktanna er fjallað um breytingar á samþykktunum. Samkvæmt því þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi til að breytingin geti tekið gildi.

Tillagan er samþykkt samhljóða og vísað til aðalfundar samkvæmt 15. gr. samþykktu félagsins.

#### 4. Talsmenn Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri sagði frá verkefninu *Nýr talsmaður* sem unnið hefur verið að á árinu. Fyrir liggja tillögur að fjórum persónum og handritsdrög að bók.

#### 5. Aðild GeoCamp Iceland að Reykjanes Geopark

GeoCamp Iceland óskar eftir aðild að Reykjanes Geopark. Verkefnastjóra falið að ræða við forsvarsmenn fyrirtækisins.

#### 6. Erindi frá Slysavarnardeildinni Dagbjörtu

Slysavarnardeildin Dagbjört hefur áhuga á samstarfi við Reykjanes Geopark um uppsetningu öryggismerkinga. Stjórnin fagnar frumkvæði slysavarnardeildarinnar og tekur vel í erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30.

Fundargerð ritaði: ESJ